



## NÁM Í BYGGINGA- OG MANNVIRKJAGREINUM

Nám í byggingagreinum skiptist í grunnnám, sérnám í einstökum iðngreinum og vinnustaðanám .

### GRUNNNÁM BYGGINGA- OG MANNVIRKJAGREINA

20 ein.

Meginmarkmið grunnnáms bygginga- og mannvirkjagreina er að veita nemendum sýn á atvinnugreinina og störf innan hennar. Lögð er áhersla á kennslu undirstöðuatriða í efnisfræði, áhald- og tækjafræði, teikningum, verktækni og vinnuvernd. Í lok grunnnámsins eiga nemendur að vera hæfari til að velja sér sérsvið innan bygginga- og mannvirkjaiðnaðar og hafa fengið faglegan grunn til að byggja áframhaldandi nám á.

#### Almennar greinar

Stærðfræði	STÆ 102
Lífsleikni	LKN102
Íþróttir	ÍPR 102/112

6 einingar

#### Faggreinar

Efnisfræði grunnnáms	EFG 103
Grunnteikning	GRT 103
Verktækni grunnnáms	VTG 106
Öryggismál og vinnumarkaður	ÖVM 102

14 einingar

Nám í bygginga- og mannvirkjagreinum hefst með einnar annar sameiginlegu grunnnámi en að því loknu velja nemendur sérnám í húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraíðn, múraraíðn, pípulögnum eða veggfóðrun/dúkalögn. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Sérnámið skiptist annars vegar í bóklegt og verklegt nám í skóla og hins vegar vinnustaðanám/starfsþjálfun:

- **Húsasmíði** — 5 annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun.
- **Húsgagnasmíði** — 5 annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun.
- Múraraíðn — 5 annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun.
- Málaraíðn — 4 annir í skóla og 96 vikna starfsþjálfun.
- Pípulagnir — 4 annir í skólar og 96 vikna starfsþjálfun.
- Veggfóðrun og dúkalögn — Þrjár annir í skóla og 120 vikna starfsþjálfun.

Nemendur sem hyggja á nám í múraraíðn, málaraíðn, pípulögnum og veggfóðrun og dúkalögn eru beðnir um að hafa samband við kennslustjóra tæknisviðs í VMA.